

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Á kirkjuþingi 2007 var samþykkt ályktun um að fela kirkjuráði að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða lög nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar í ljósi tíu ára reynslu og aukins sjálfstæðis kirkjunnar í málefnum hennar, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem heimilar kirkjuþingi að hafa frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beina þeim tilmælum til ráðherra að þau verði flutt á Alþingi. Nefndin skyldi jafnframt huga að því hver nauðsyn væri að breyta ákvæðum annarra laga í kjölfar breytinga á þjóðkirkjulögum og vegna breyttra aðstæðna. Þá skyldi nefndin athuga hvernig starfsreglur sem kirkjuþing setur yrðu best samræmdar breyttri löggjöf.

Í greinargerð með tillögunni kom fram að með lögum nr. 78/1997 hefði sjálfstæði kirkjunnar aukist verulega og sú þróun hefði haldið áfram við breytingar sem síðan hefðu orðið á lögunum. Með þessari rammalöggjöf um þjóðkirkjuna hefði ákvörðunarvald um skipan mála í kirkjunni verið fært til kirkjuþings í ríkara mæli en verið hefði, sérstaklega um hin ytri mál. Sú þróun hefði haldið áfram að kirkjuþing hefði sett starfsreglur um ýmis atriði í stjórnskipan kirkjunnar sem áður hafi verið bundin í lög. Töluverð reynsla hefði þannig verið byggð upp í starfi kirkjuþings og innri stjórnsýsla kirkjunnar hefði verið að breytast og eflast á þessum tíma. Í greinargerðinni var því meðal annars beint til nefndarinnar að huga sérstaklega að ákvæðum sem leitt gætu til enn meira sjálfstæðis þjóðkirkjunnar og hvernig færa mætti fleiri ákvæði úr lögum í starfsreglur frá kirkjuþingi.

Í kjölfar kirkjuþings 2007 ræddi biskup Íslands mál þetta við dóms- og kirkjumálaráðherra sem lýsti því viðhorfi að hann væri tilbúinn að greiða því götu að endurskoða þjóðkirkjulögin og tilnefna fulltrúa í nefndina. Kirkjuráð skipaði þriggja manna nefnd í þessu skyni í apríl 2008. Pétur Kr. Hafstein forseti kirkjuþings og fyrrverandi hæstaréttardómari var skipaður formaður nefndarinnar en aðrir nefndarmenn voru séra Kristján Björnsson kirkjuráðsmaður og Bryndís Helgadóttir lögfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, tilnefnd af ráðherra. Þá störfuðu með nefndinni

Ragnhildur Benediktsdóttir lögræðingur og skrifstofustjóri á biskupsstofu sem var ritari nefndarinnar og Hjalti Zóphóniasson lögfræðingur og skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem ráðherra kvaddi til að veita nefndinni sérfræðilega ráðgjöf.

II.

Með lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar urðu straumhvörf í skipulagi kirkjunnar og sjálfstæði hennar gagnvart ríkisvaldinu var aukið verulega um leið og kirkjuþing fékk aukið vægi sem æðsta valdastofnun í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka. Í aðdraganda og undirbúningsvinnu þeirrar löggjafar var skýrlega haft að leiðarljósi að ekki væri stefnt að aðskilnaði ríkis og kirkju. Svo er heldur ekki nú enda hefur kirkjan lagt á það ríka áherslu að hún vill vera *þjóðkirkja* í tengslum við ríkisvaldið án þess að vera *ríkiskirkja*.

Meginhlutverk þeirrar kirkjulaganefndar sem samið hefur lagafrumvarp þetta var að leita leiða til að einfalda almenna löggjöf frá Alþingi um málefni þjóðkirkjunnar og færa ábyrgð og ákvarðanatöku í þeim efnum í enn ríkara mæli til kirkjuþings. Að því var stefnt að lög um þjóðkirkjuna yrðu einföld rammalög þar sem ríkisvaldið mæli fyrir um tilvist þjóðkirkjunnar, helstu stofnana hennar og grundvöll í samræmi við stjórnarskrárbundna skyldu til að styðja og vernda hina evangelísku lútersku kirkju sem þjóðkirkju á Íslandi. Vegna þessa sambands ríkis og kirkju verður Alþingi þó að mæla fyrir um meginreglur og lögbundið skipulag er til þess sé fallið að gera kirkjunni kleift að rækja í hvívetna veigamiklar skyldur sínar sem þjóðkirkja á Íslandi.

Kirkjulaganefnd lagði frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga fyrir kirkjuþing 25. október 2008 og hlaut það góðar viðtökur á þinginu. Þótt áður hafi verið við það miðað að frumvarpið kæmi til endanlegrar afgreiðslu á kirkjuþingi 2009 að lokinni kynningu í söfnuðum landsins var ákveðið, meðal annars vegna hvatningar frá kirkjumálaráðherra við setningu þingsins, að fresta fundi kirkjuþings um fjórar vikur og ljúka endanlegri afgreiðslu frumvarpsins og síðari umræðu um það á kirkjuþingi 28. nóvember 2008 en senda frumvarpið áður próföstum og héraðsnefndum til kynningar heima í héraði.

III.

Í greinargerð með frumvarpi því sem lagt var fram á 121. löggjafarþingi og varð að lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar var fjallað ítarlega um tengsl ríkis og kirkju og tildrög þess að veita þjóðkirkjunni meira sjálfstæði í innri málum kirkjunnar. Þar sagði meðal annars:

„Í 62. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands frá 1944 segir að *hin evangelísk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda*. Ákvæði þetta hefur staðið í stjórnarskránni allt frá 1874, en upphaflega var þó notað orðalagið „hið opinbera“ í staðinn fyrir „ríkisvaldið.“ Í stjórnarskránni, sem er hin æðsta réttarheimild, eru ekki gefin nánari fyrirmæli um þetta efni, t.d. um það hvernig ríkisvaldið skuli styðja þjóðkirkjuna og vernda. Með „ríkisvaldinu“ er vafalaust átt við alla þætti þess, þ.e. löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald og þær stofnanir sem með þessi málefni fara – einkum þá að sjálfsögðu tvo fyrri þættina. Nánari framkvæmd þessa stjórnarskrárákvæðis er því í höndum ríkisvaldsins og ber Alþingi fyrst og fremst ábyrgð á því að með almennum lögum sé tryggt að skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt.

Það sem mestu máli skiptir varðandi það efni sem hér er til meðferðar er það að af þessari stjórnarskrárgrein verður sú ályktun dregin, svo að tvímælalaust er, *að ríki og þjóðkirkja eru ekki eitt* – þ.e. tiltekinn aðili, ríkið, á að styðja og vernda annan aðila, þjóðkirkjuna. Skilyrði þess að vera íslenskur ríkisborgari annars vegar og þjóðkirkjuþegn hins vegar þurfa heldur ekki að fara saman, svo sem kunnugt er. Það breytir ekki þessari niðurstöðu að mjög nán tengsl eru milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar. Hún er eftir sem áður *sjálfstæð stofnun, sjálfstæður réttaraðili, sem getur borið, og ber, réttindi og skyldur að lögum*. Þjóðkirkjan og stofnanir hennar geta því m.a. átt eignir sem njóta m.a. fullrar verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar og verða eigi af þeim teknar nema ströngum skilyrðum þeirrar greinar sé fullnægt, enda komi þá ætíð fullt verð fyrir eins og þar er mælt fyrir um.

Þegar talað er um íslensku þjóðkirkjuna sem stofnun er hafi a.m.k. nokkurt sjálfstæði eftir lögum og venju og verði eigi talin sem hver annar angi ríkisvaldsins verður að minnast þess að hugtakið þjóðkirkja verður ekki til hér á landi fyrr en með

tilkomu stjórnarskrárinnar frá 1874, en fyrirmynd viðkomandi ákvæðis var hliðstætt ákvæði í grundvallarlögunum dönsku.“

IV.

Svo sem áður er fram komið er að því stefnt með þessu frumvarpi að einfalda almenna löggjöf um þjóðkirkjuna og færa ábyrgð og ákvarðanatöku í þeim efnum í enn ríkara mæli til kirkjuþings en gert var fyrir rúmum áratug með lögum nr. 78/1997.

Frumvarpið er í níu köflum. Í I. kafla er fjallað um skilgreiningu á stöðu þjóðkirkjunnar og réttarstöðu hennar gagnvart ríkisvaldinu. Þá þykir rétt að víkja strax í II. kafla að kirkjuþingi sem ætlað er að fara með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar og marka henni stefnu með starfsreglum og öðrum samþykktum. Í III. kafla eru ákvæði um kirkjuráð sem fer með framkvæmdarvald í málum kirkjunnar og ber ábyrgð gagnvart kirkjuþingi. IV. kafli fjallar um biskupsdæmið sem er eitt hér á landi og biskupsþjónustuna sem biskup Íslands hefur á hendi með aðstoð biskupanna í Skálholti og á Hólum. Í V. kafla eru ákvæði um sóknir, prestaköll og kirkjustjórn í héraði. Þá er í VI. kafla vikið að prestum próföstum og djáknum og veitingu embætta þeirra og verkaskiptingu. VII. kafli er um prestastefnu og VIII. kafli um eignarrétt, fjármál þjóðkirkjunnar, launagreiðslur og réttarstöðu starfsmanna kirkjunnar. Loks eru í IX. kafla ákvæði um gildistöku og brottfelld lög auk almennrar heimildar til handa kirkjuþingi að setja starfsreglur um önnur málefni þjóðkirkjunnar en þetta frumvarp tekur til. Lagt er til að heiti laganna verði *Þjóðkirkjulög*.

Þótt ekki sé með þessu frumvarpi stefnt að umbyltingu á stjórnkerfi þjóðkirkjunnar og starfsemi hennar eru meðal ákvæða þess ýmis *nýmæli* sem leiða til breytinga á starfsháttum og ákvarðanatöku. Í 3. mgr. 2. gr. er svo að orði kveðið að þjóðkirkjunni beri að tryggja að allir landsmenn geti átt kost á kirkjulegri þjónustu. Þjóðkirkjan hefur jafnan leitast við að uppfylla þetta heit en mikilvægt er að árétta að

auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar fylgi rík ábyrgð í þessu efni. Í 3. gr. eru tekin af tvímæli um að stjórnslög og upplýsingalög gildi um alla stjórnslu kirkjunnar eftir því sem við á. Í 7. gr. er lögð til sú grundvallarbreyting að kirkjuþingi verði fengið æðsta vald í fjármálum þjóðkirkjunnar en kirkjuþing setji nánari ákvæði í starfsreglur um tilhögun þessa fjárstjórnarvalds. Í 8. gr. eru valdi kirkjuþings um kenningarleg málefni settar þær skorður að samstaða verði að nást milli þingsins og biskups Íslands um þennan grundvallarþátt í tilveru þjóðkirkjunnar. Með 11. gr. eru ákvæði um ábyrgð forseta kirkjuþings á starfsemi þingsins, undirbúningi þess og eftirfylgd skerpt og skuli hann annast birtingu starfsreglna frá kirkjuþingi og aðrar réttarskapandi ákvarðanir þess. Í 13. gr. er kirkjuþingi fengið ákvörðunarvald um skipan kirkjuráðs og umboð kirkjuráðsmanna að öðru leyti en því er varðar setu biskups Íslands í ráðinu og forsæti hans. Þá skuli vera ótvírætt að kirkjuráð beri ábyrgð gagnvart kirkjuþingi, sbr. 14. gr. Í 20. gr. og 25. gr. er lagt til að biskup Íslands og biskuparnir í Skálholti og á Hólum verði skipaðir ótímabundið í embætti í stað fimm ára samkvæmt 23. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá er lagt til í 26. gr. að í stað embættisheitisins vígslubiskup verði tveir síðarnefndu biskuparnir kenndir við hina fornu biskupsstóla án þess þó að vald- og verksviði þeirra verði breytt enda er eitt biskupsdæmi á Íslandi. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar verði lagðar niður og kirkjuþing setji nýjar starfsreglur um meðferð agabrota og lausn ágreiningsmála innan þjóðkirkjunnar, sbr. 24. gr. Biskup Íslands fái þar að auki ákveðið úrræði þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn ber til að bregðast við vegna ásakana eða brota í starfi, einkum af siðferðilegum toga, þ.e. heimild til að setja starfsmenn þjóðkirkjunnar í launað leyfi í allt að sex mánuði án samþykkis þeirra. Í 27. gr. eru sett skýrari ákvæði en nú er að finna í lögum um staðgöngu vegna vanhæfis biskups Íslands til meðferðar einstaks máls. Þá er lagt til í frumvarpinu að lög nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra verði felld úr gildi. Efnisatriði þeirra um rekstrarkostnað embætta presta og prófaste og löggiltar embættisbækur eru flutt í frumvarpið, 2. mgr. 33. gr., 2. mgr. 34. gr. og 2. mgr. 39. gr. Þá verði kirkjuþingi ætlað að setja gjaldskrá um aukaverk presta í stað kirkjumálaráðherra, sbr. 6. mgr. 34. gr. Lagt er

til að lög nr. 9/1882 um leysing á sóknarbandi verði felld úr gildi og kirkjuþingi fengið vald til að kveða á um þau efni í starfsreglum, sbr. 5. mgr. 29. gr. Þá er í 6. mgr. sömu greinar gert ráð fyrir því að kirkjuþing setji starfsreglur um samráðsvettvang leikmanna en sérstakt ákvæði um leikmannastefnu í 58. gr. núgildandi laga falli brott. Í 37. gr. frumvarpsins er kveðið á um að biskup Íslands geti veitt prestsembætti að eigin ákvörðun ef ekki fæst niðurstaða í valnefnd eða með kosningu. Þá geti hann ákveðið að auglýsa embætti laust til umsóknar að fimm ára skipunartíma liðnum, svo sem ráð er fyrir gert um veitingarvaldshafa í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þótt engin tillaga hafi komið fram um það í prestakalli. Í 44. gr. er lagt til að þær kirkjur og kirknaeignir í umsjá aðila innan þjóðkirkjunnar sem þinglýstar eignarheimildir ná ekki til verði lýstar eign þjóðkirkjunnar og viðkomandi sóknar í lögum. Þá verði skýrlega kveðið á um að engar kirkjur eða kirknaeignir verði látnar af hendi nema biskup Íslands, kirkjuþing og viðkomandi sókn samþykki. Myndi það eiga við um þessar eignir óháð því hvort þinglýstar eignarheimildir eru fyrir hendi eða ekki. Loks er í 49. gr. almenn heimild fyrir kirkjuþing til að setja starfsreglur um önnur málefni þjóðkirkjunnar en frumvarpið tekur til enda verði þess gætt að þær séu ekki í andstöðu við lög um trúarleg og kirkjuleg málefni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er fjallað um trúfræðilega undirstöðu þjóðkirkjunnar á Íslandi sem sjálfstæðs trúfélags. Tekið er fram að starfsemi hennar sé reist á evangelísk-lúterskum grunni. Í því felst að kenningargrundvöllur þjóðkirkjunnar byggist á eftirtöldum játningarritum:

1. Postullegu trúarjåtningunni
2. Níkejåtningunni.
3. Aþanasíusarjåtningunni.

4. Hinni óbreyttu Ágsborgarjátningu frá 1530.

5. Fræðum Lúthers hinum minni.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði efnislega samhljóða 2. mgr. 1. gr. nógildandi laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar en rétt þykir að vísa sérstaklega til stjórnarskrárákvæðisins sem er grundvöllur stuðnings ríkisvaldsins við þjóðkirkjuna. Áréttað skal að þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er á engan hátt ætlað að breyta fjárhagslegum skyldum ríkisvaldsins gagnvart þjóðkirkjunni eins og ljóst er af VIII. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um sjálfstæði þjóðkirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. mgr. 2. gr. og 5. gr. nógildandi laga.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um að þjóðkirkjunni beri að tryggja öllum landsmönnum kirkjulega þjónustu. Ákvæðið er nýmæli en mikilvægt er að áréttað að auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar fylgir rík ábyrgð á því að allir landsmenn geti átt aðgang að þjónustu kirkjunnar eftir því sem þeir kjósa.

Um 3. gr.

Kirkjuleg stjórnvöld eru stjórnvöld í skilningi íslenskra laga, a.m.k. þegar þau fara með opinbert vald lögum samkvæmt. Þar sem þjóðkirkjan er ekki ríkiskirkja og nýtur verulegs sjálfstæðis gagnvart ríkisvaldinu, þ.á.m. í stjórnslu kirkjunnar, þykir rétt að taka af tvímæli og áréttað að kirkjuleg stjórnvöld falli undir stjórnslulög og upplýsingalög.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. nógildandi laga að öðru leyti en því að felld eru brott orðin „að því er varðar fjárlagagerð“ þar sem samkipti ráðuneytisins og þjóðkirkjunnar eru ekki einskorðuð við undirbúning fjárlaga. Ekki er nú frekar en áður lagt til að tengsl verði rofin milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar þótt sjálfstæði þjóðkirkjunnar um innri málefni sín verði enn aukið frá því sem verið hefur.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. er áréttað að skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðkirkjuna veiti aðild að henni svo sem verið hefur.

Í 2. mgr. er vísað til 8. gr. og 9. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög sem kveða á um aðild að skráðu trúfélagi, inngöngu í það og úrsögn úr því og þjóðkirkjunni. Rétt þykir að tengja skráningu í þjóðkirkjuna og úrsögn úr henni við þessi lagaákvæði sem geyma efnisreglur um verklega framkvæmd.

Í 3. mgr. er lagt til að heimilt verði að fela þjóðskrá að annast skráningu á inngöngu og úrsögn úr þjóðkirkjunni. Er það gert til hagræðis fyrir þjóðkirkjuna þar sem mikill meirihluti landsmanna fær aðild að henni.

Ákvæði 4. mgr. er samhljóða 2. mgr. 4. gr. nógildandi laga.

Um 6. gr.

Með setningu nógildandi þjóðkirkjulaga var lögð á það áhersla að marka kirkjuþingi stöðu sem æðsta stjórnvaldi innan þjóðkirkjunnar og auka valdsvið þess frá því sem verið hafði. Með þessari grein og öðrum ákvæðum frumvarpsins er haldið áfram á þeirri braut og að því stefnt að kirkjuþingið fái í mjög auknum mæli heimildir til að kveða á um stefnu, skipulag og innri málefni þjóðkirkjunnar. Þessu valdi verða þó sett takmörk eins og áður, sbr. 8. gr., 2. mgr. 14. gr. og 42. gr. frv.

Um 7. gr.

Hér er lagt til að kirkjuþing fari með æðsta vald í fjármálum þjóðkirkjunnar og geti þannig ákveðið skiptingu þess fjár sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma. Kirkjuþing hefur vissulega mikið um fjármál þjóðkirkjunnar að segja nú þegar, m.a. með ákvörðunum sínum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma og með ákvörðunum um kaup og sölu fasteigna og um fjárfrek verkefni. Engu að síður eru ákvarðanir um ráðstöfun fjár til einstakra verkefna oft á hendi kirkjuráðs án þess að kirkjuþing fái nokkru um það breytt. Rétt þykir að skerpa að þessu leyti skil milli kirkjuþings og

kirkjuráðs sem fer með framkvæmdarvald innan þjóðkirkjunnar í umboði þingsins. Þykir eðlilegt að hliðstæður háttur verði hér hafður á og er í samskiptum löggjafarvalds í landinu við framkvæmdarvaldið. Ef þessi leið er farin þarf til samræmis að breyta ákvæðum laga nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl, laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð og II. kafla laga nr. 91/1987 um sóknargöld o.fl. að því er varðar Jöfnunarsjóð sókna, sbr. athugasemd við 46. gr. frv.

Um 8. gr.

Í 1. mgr. greinarinnar er ákvæði efnislega samhljóða 3. mgr. 20. gr. nógildandi laga en kenningarleg málefni lúta að kenningu kirkjunnar og játningum, guðspjónustuhaldi, predikun, helgisiðum og sakramentum hennar.

Í 2. mgr. er lagt til að valdi kirkjuþings til að afgreiða samþykktir um kenningarleg málefni verði settar þær skorður að samráð þurfi um niðurstöðu við biskup Íslands sem hefur tilsjón með kristnihaldi og kenningu kirkjunnar skv. nógildandi lögum og 21. gr. frv. Eðlilegt er að um svo veigamikinn þátt í tilverugrundvelli þjóðkirkjunnar náist samstaða með samræðu þeirra sem veita kirkjunni forystu. Með því er tekið tillit til ábyrgðar biskups gagnvart kenningu kirkjunnar.

Um 9. gr.

Um skipan kirkjuþings er mælt í 21. gr. nógildandi laga. Rétt þykir að einfalda þann lagaramma og láta kirkjuþingi eftir að kveða á um kjör til þingsins og þingsköp, seturétt annarra en kjörinna fulltrúa á þinginu og hversu oft þingið skuli koma saman.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 3. og 4. mgr. 23. gr. nógildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að ákvæði um ábyrgð forseta kirkjuþings á starfsemi þingsins, undirbúningi þess og eftirfylgd verði skerpt en í nógildandi lögum er ekki að finna önnur ákvæði um forseta kirkjuþings en að þingið kjósi sér þingforseta úr röðum leikmanna, sbr. 5. mgr. 21. gr, og að kirkjuráð skuli hafa samráð við forseta kirkjuþings við undurbúning þingsins og hvernig ráðið fylgi eftir samþykktum þess, sbr. 1. mgr. 27. gr. Hér er lagt til að forseti kirkjuþings kalli þingið saman og beri ábyrgð á starfsemi þess auk þess að stjórna þingfundum. Þá skuli hann undirbúa fundi kirkjuþings í samráði við biskup Íslands og kirkjuráð og fylgja eftir samþykktum þess með sama hætti. Áhersla er þannig lögð á frumkvæðisskyldu forseta gagnvart málefnum kirkjuþings en rétt er og nauðsynlegt að samráð sé um þetta milli hans, biskups Íslands og kirkjuráðs sem fer með framkvæmdarvald innan þjóðkirkjunnar, sbr. 12. gr., 15. gr. og 23. gr. frv.

Í 2. mgr. er lagt til að forseti kirkjuþings birti á eindæmi sitt starfsreglur frá kirkjuþingi og aðrar réttarskapandi ákvarðanir þess. Í nógildandi lögum er ekki mælt fyrir um hver skuli annast birtinguna og hefur það verk verið á hendi biskups Íslands. Um leið og staða forseta kirkjuþings er skýrð þykir rétt að hann birti ákvarðanir þingsins fremur en biskup Íslands sem situr á kirkjuþingi með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar.

Um 12. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 26. gr. nógildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða tveimur fyrri málslíðum 2. mgr. 26. gr. Ekki þykir ástæða til þess hér að hafa sérstakt ákvæði um þá stöðu sem upp kann að koma verði biskup Íslands vanhæfur í kirkjuráði vegna fyrri aðkomu hans að máli, enda tæki varaforseti kirkjuráðs þá sæti hans við úrlausn þess í ráðinu, sbr. 13. gr. frv.

Um 13. gr.

Lagt er til að kirkjuþingi verði fengið ákvörðunarvald um skipan kirkjuráðs og umboð kirkjuráðsmanna að öðru leyti en því er varðar setu biskups Íslands í ráðinu og forsæti hans. Kirkjuþing ákveði þannig hlutfall vígðra og leikra í kirkjuráði og kjör

varaforseta þess. Með þessu móti yrði horfið frá því að lögbinda skipan kirkjuráðs og umboð þess um annað en sæti biskups Íslands, sjá 25. gr. nógildandi laga.

Um 14. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að ótvírætt skuli vera að kirkjuráð beri ábyrgð gagnvart kirkjuþingi en slíkt ákvæði er ekki í nógildandi lögum. Þetta felur í sér að kirkjuþing getur vikið einstökum kirkjuráðsmönnum frá öðrum en biskupi Íslands. Nánari ákvæði um framkvæmd þessa setur kirkjuþing í starfsreglur, sbr. 17. gr. frv.

Í 2. mgr. er ákvæði efnislega samhljóða 3. mgr. 26. gr. nógildandi laga. Áréttað er að einstökum ákvörðunum kirkjuráðs á framkvæmdasviði kirkjulegrar stjórnsýslu verði ekki skotið til kirkjuþings til endanlegrar ákvörðunar. Einstakir kirkjuþingsmenn geta hins vegar haft frumkvæði að því að málið verði rætt á kirkjuþingi, sem gæti þá bæði ályktað um það eða vottað kirkjuráðsmönnum, einum eða fleirum, vantraust vegna málsmeðferðarinnar, sbr. 1. mgr.

Um 15. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 27. gr. nógildandi laga. Vísað er til athugasemda við 11. gr. frv. um aukinn þátt forseta kirkjuþings við undirbúning þingsins og eftirfylgd samþykkt þess.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. mgr. 27. gr. nógildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 6. gr. nógildandi laga. Til þess er ekki vilji innan þjóðkirkjunnar að skipta landinu í fleiri biskupsdæmi en biskuparnir í Skálholti og á Hólum eru biskupi Íslands til aðstoðar í biskupsdæminu, sbr. 25. gr. frv.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 6. gr. nógildandi laga. Lagt er til að í starfsreglum frá kirkjuþingi verði unnt að kveða nánar á um tilhögun yfirstjórnar þjóðkirkjunnar. Þá þykir rétt að taka fram að biskupsstofa sé embættisskrifstofa biskups Íslands.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. og 9. gr. nógildandi laga að öðru leyti en því að lagt er til að skipunartími biskups í embætti verði ótímabundinn. Heimild til þess er að finna í 1. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem segir að embættismenn skuli skipaðir tímabundið, til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum. Veigamikil rök hníga að því að biskup Íslands gegni embætti sínu án þeirrar takmörkunar sem felst í framangreindu lagaákvæði, eins og starfsbræður hans í systurkirkjunum í nálægum löndum, enda liggur biskupskjör að baki skipunar hans í embætti.

Um 21. gr.

Um tilsjónarvald biskups og kenningarnefnd er nú mælt í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. og 14. gr. nógildandi laga. Rétt þykir að hafa í einni grein þessi ákvæði er lúta að kristnihaldi og kenningu þjóðkirkjunnar.

Um 22. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 10. gr. nógildandi laga en því er þó bætt við að biskup vísiteri söfnuði eins og tíðakast hefur um aldir. Þá er lagt til að samkomulag liggi fyrir við evangelísk-lúterska fríkirkjusöfnuði áður en biskup Íslands vígir til prestsembættis eða djáknaþjónustu einstaklinga sem hafa verið kallaðir til þjónustu af þeim.

Um 23. gr.

Efnisákvæði í þessari grein koma fram í 10. gr. nógildandi laga. Ákvæði um tilsjón biskups Íslands með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu er hins vegar flutt í 21. gr. frv. og ákvæði um forsæti biskups í kirkjuráði er flutt í þann kafla er fjallar um kirkjuráð, sbr. 13. gr. frv.

Um 24. gr.

Ákvæði um yfirumsjón biskups Íslands með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar er að finna í 11. gr. nógildandi laga. Í þessu frumvarpi er lagt til að ákvæði 12. og 13. gr. laganna um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd verð felld brott en þau úrræði sem þar er mælt fyrir um þykja ekki hafa gefið góða raun auk þess sem þau hafa verið afar kostnaðarsöm. Rétt þykir að kirkjuþing finni aga- og ágreiningsmálum innan þjóðkirkjunnar farveg eftir því sem þingið kýs, sbr. 3. mgr., en ákvæði um meðferð ágreiningsmála er nú þegar að finna í starfsreglum um prófaste og vígslubiskupa. Þess utan er hin almenna dómstólaleið í landinu að sjálfsögðu opin til að leysa úr ágreiningsmálum innan þjóðkirkjunnar eftir því sem við getur átt.

Í 2. mgr. er lagt til að biskupi Íslands verði fengið í hendur ákveðið úrræði þegar sérstaklega stendur á og nauðsyn ber til að bregðast við vegna brota eða ávirðinga í starfi, einkum af siðferðilegum toga, þ.e. heimild til að setja starfsmenn þjóðkirkjunnar í launað leyfi í allt að sex mánuði án samþykkis þeirra. Ákvæði þetta þykir ekki of íþyngjandi fyrir starfsmenn þjóðkirkjunnar en nauðsynlegt getur verið að bregðast við með þessum

hætti í einstökum tilvikum vegna starfsheiðurs kirkjunnar og nauðsyn þess að um störf hennar og starfsmenn ríki friður í þjóðfélaginu.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 16. og 17. gr. núgildandi laga en þó þykir skýrara að hafa ákvæði um verkefni þessara biskupa og stöðu í biskupsdæminu í sérstakri grein, sjá 26. gr. frv.

Í 2. mgr. er lagt til að skipun biskupanna í Skálholti og á Hólum í embætti verði ótímabundin eins og skipun biskups Íslands með sömu rökum og fram eru færð í athugasemdum við 20. gr. frv.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 2. málslið 16. gr. núgildandi laga en hér er þó lagt til að í stað embættisheitisins vígslubiskup verði biskuparnir tveir kenndir við hina fornu biskupsstóla án þess þó að vald- og verksviði þeirra verði breytt. Þá þykir rétt að áréttta að þeir hafi tilsjónarvald í umboði biskups Íslands enda er biskupsdæmið eitt á Íslandi, sbr. 1. mgr. 6. gr. núgildandi laga og 18. gr. frv.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um biskupafund en ákvæði um hann er að finna í 19. grein núgildandi laga. Þar segir að biskupafundur skuli m.a. búa þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings. Hér er hins vegar lagt er til að ákvæði um verkefni biskupafundar verði felld úr lögum og kirkjuþingi fengið vald til að kveða á um þau. Það er í samhljómi við meginmarkmið þessa frumvarps um einföldun kirkjulöggjafar og flutning ákvarðana um innri málefni kirkjunnar úr almennum lögum í starfsreglur frá kirkjuþingi. Þá eykur það svigrúm kirkjuþings til þess að flytja eftir atvikum fleiri verkefni til biskupafundar en nú er raunin. Mikilvægt er þó að hafa í huga að biskupafundur telst ekki til kirkjulegra stjórnvalda er tekið geti bindandi ákvarðanir. Hann er vettvangur fyrir biskup Íslands til að ráðgast við umboðsmenn sína við stjórn biskupsdæmisins og og eftir atvikum undirbúa tillögugerð til kirkjuþings.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. er efnislega samhljóða 15. gr. nógildandi laga um annað en vanhæfi biskups Íslands.

Í 3. mgr. er fjallað um þá aðstöðu er biskup Íslands verður vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum. Þá er svo fyrir mælt að sá biskup sem eldri er að biskupsvígslu skuli fara með málið nema biskup Íslands eigi sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Þegar þannig stendur á verða næstu undirmenn hans einnig vanhæfir skv. 5. tl. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, sbr. lög nr. 49/2002. Á þessa reglu myndi ekki reyna verði biskup Íslands vanhæfur til meðferðar máls í kirkjuráði ef sú tilhögun verður tekin upp að kjósa sérstakan varaforseta kirkjuráðs, sbr. 13. gr. frv. Verði báðir biskuparnir vanhæfir til að leysa úr máli þarf einhvern aðila til að greiða úr þeirri stöðu sem þá kemur upp. Ekki fer vel á því að slíkt komi til kasta kirkjuráðs sem er fjölskipað stjórnvald undir forsæti biskups Íslands. Hér er lagt til að forseti kirkjuþings kveðji einhvern þann til að sinna málinu sem er kjörgengur til biskupsembættis, sbr. 20. gr.

Um 28. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 48. gr. nógildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 29. gr.

Ákvæði 1. – 4. mgr. eru efnislega samhljóða 49. gr. nógildandi laga að öðru leyti en því að kirkjuþingi verður ætlað að kveða á um það hvernig sóknir tengjast og hvernig hagað verði rétti og skyldum sóknarmanna.

Í 50. gr. nógildandi laga er ákvæði um að kirkjuþing setji starfsreglur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma og er því haldið í 5. mgr. þessarar greinar. Til viðbótar er ákvæði um að kirkjuþing setji starfsreglur um leysing á sóknarbandi og um aðkomu óstaðbundinna safnaða að þjóðkirkjunni. Jafnframt er lagt til í 51. gr. frv. að lög nr. 9/1882 um leysing á sóknarbandi verði felld úr gildi en ákvæði þeirra eru að miklu leyti úrelt orðin.

Í 6. mgr. er kveðið á um að kirkjuþing setji starfsreglur um samráðsvettvang leikmanna. Í 58. gr. nógildanda laga er ákvæði um leikmannastefnu þjóðkirkjunnar. Meirihluti kirkjuþings er skipaður leikmönnum og rétt þykir að það sé undir þinginu sjálfu komið á hverjum tíma hvernig hagað verði aðkomu leikmanna að starfi þjóðkirkjunnar að öðru leyti, hvort heldur er með leikmannastefnu, kirkjuþingi ungs fólks eða samstarfsvettvangi sóknarnefnda eða héraðsnefnda.

Um 30. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 53. gr. nógildandi laga. Þó er því bætt við að sóknarnefnd sé kjörin af aðalsafnaðarfundum en slíkt ákvæði er ekki að finna í lögnum.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 54. gr. nógildandi laga.

Ákvæði 3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 54. gr. nógildandi laga.

Í 4. mgr. er mælt fyrir um að kirkjuþing setji setji nánari ákvæði í starfsreglur um stöðu, starf, starfshætti og samvinnu sóknarnefnda, kosningu og fjölda sóknarnefndamanna og um sameiginlegt fjárhald sókna. Af samvinnu sókna eða sameiginlegu fjárhaldi þeirra getur hlotist umtalsvert hagræði og verksparnaður, einkum í hinum fámennari sóknum. Um kjör og fjölda sóknarnefndarmanna er nú mælt í 2. – 4. mgr. 53. gr. laga nr. 78/1997.

Í 5. mgr. er kirkjuþingi ætlað að setja starfsreglur um stöðu og störf starfsmanna sókna, sbr. 57. gr. nógildandi laga, en ekki þykir ástæða til að tilgreina organista sérstaklega svo sem nú er gert.

Samkvæmt 6. mgr. skal kirkjuþing setja starfsreglur um afnot af kirkju og safnaðarheimili eins og nú er mælt fyrir um í 3. málslíð 1. mgr. 54. gr. laganna.

Um 31. gr.

Um aðalsafnaðarfundum er kveðið á í 52. gr. nógildandi laga. Ákvæðið er einfaldað til muna og kirkjuþingi látið eftir að setja starfsreglur um safnaðarfundum og

safnaðarfulltrúa sem 56. gr. laganna mælir fyrir um. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 32. gr.

Um héraðsfundi og héraðsnefndir er kveðið á í 31. og 32. gr. nógildandi laga. Ákvæðin eru einfölduð til muna og kirkjuþingi látið eftir að setja starfsreglur um héraðsfundi, héraðssjóði og héraðsnefndir. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 33. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða 33. gr. nógildandi laga. Áhersla er lögð á sjálfstæði prests gagnvart aðilum er hann starfar hjá en heyra ekki undir þjóðkirkjuna, svo sem sjúkrahúsum og fangelsum. Í kirkjulegum eignum lýtur presturinn þannig einvörðungu stjórn kirkjulegra stjórnvalda þótt hann verði að öðru leyti að hlíta margvíslegum starfsreglum sem eðli máls samkvæmt hljóta að eiga við á viðkomandi vinnustað.

Ákvæði 2. mgr. er efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra. Verði frumvarp þetta að lögum verða þau lög felld úr gildi, sbr. 51. gr. frv.

Um 34. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 34. gr. nógildandi laga. Í 2. málslíð er skilgreining á sóknarprestsembættinu samkvæmt guðfræðilegri og kirkjuréttarlegri hefð.

Ákvæði 2. mgr. er samhljóða 2. gr. laga nr. 36/1931 að öðru leyti en því að biskup Íslands kemur í stað ráðuneytisins, sbr. athugasemd við 33. gr. frv.

Efnisatriði 3. – 5. mgr. koma fram í 35. gr., 36. gr., 44. gr. og 45. gr. nógildandi laga.

Ákvæði 6. mgr. gjaldskrá fyrir aukaverk presta á sér samsvörun í 3. gr. laga nr. 36/1931, sbr. athugasemd við 33. gr. frv. Hér er hins vegar lagt til að kirkjuþing setji gjaldskrá um aukaverk presta í stað kirkjumálaráðherra.

Um 35. gr.

Efnisatriði þessarar greinar koma fram í 38. gr. nógildandi laga. Ekki þykir ástæða til að kveða á um lágmarksaldur prestsefna enda er það óraunhæft og biskup hefur getað veitt undanþágu í þeim efnum. Þá þykir nægja að biskup Íslands geti leitað álits guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands um aðrar menntastofnanir en háskólann en sé það ekki skylt eins og nú er.

Um 36. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 39. gr. nógildandi laga að öðru leyti en því að nægilegt þykir að umsóknarfrestur sé tvær vikur í stað fjögurra. Slíkur frestur er hinn sami og gildir um laus embætti á vegum ríkisins, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 37. gr.

Ákvæði um veitingu prestsembættis og auglýsingu embættis að skipunartíma liðnum koma fram í 37. og 40. gr. nógildandi laga, sbr. lög nr. 82/2007. Með 1. mgr. eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum. Biskup Íslands tók við því valdi úr höndum kirkjumálaráðherra með lögum nr. 82/2007 að skipa í embætti sóknarpresta. Eðlilegt er að veitingarvaldi biskups Íslands séu settar skorður af bindandi niðurstöðu valnefndar eða almennra kosninga í prestakalli. Hins vegar þykir nauðsyn bera til að biskup hafi óbundnar hendur til að veita prestsembætti ef niðurstaða næst ekki með framangreindum hætti.

Í 2. mgr. 23. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er mælt fyrir um að hafi maður verið skipaður tímabundið í embætti, til fimm ára í senn, skuli honum tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út

hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Sá sem veitt hefur embætti hefur um þetta óbundnar hendur innan þeirra marka er kröfur stjórnsluréttar um vandaða og málefnalega stjórnslu setja. Eðlilegt er að biskup Íslands sé að þessu leyti jafnsettur öðrum þeim er fara með veitingarvald embætta ríkisins. Því er lagt til í 3. mgr. að biskup Íslands geti tekið ákvörðun í þessu efni án þess að tillaga um það þurfi að koma fram í söfnuði eins og kveðið er á um í 40. gr. nógildandi laga.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 41. gr. nógildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

Um 39. gr.

Ákvæði 1., 3. og 4. mgr. eru efnislega samhljóða 29. gr. nógildandi laga. Athygli er vakin á því, sem var nýmæli í 3. mgr. 29. gr., að biskup Íslands geti skipað prófasta til að hafa umsjón með tilteknum þáttum kirkjulegrar þjónustu án þess að starf prófasts sé bundið við hin hefðbundnu prófastsdæmi. Starfssvið þess háttar prófasts gæti þannig náð til ákveðinna staðbundinna verkefna eða landsins alls.

Ákvæði 2. mgr. á sér samsvörun í 1. gr. laga nr. 36/1931 um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, sbr. athugasemdir við 33. gr. frv.

Um 40. gr.

Um djákna er nú mælt í 47. gr. laga nr. 78/1997. Þessi grein frumvarpsins er efnislega samhljóða 1., 4. og 5. mgr. lagaákvæðisins. Hafi djáknaefni lokið prófi frá annarri menntastofnun en Háskóla Íslands er sami háttur hafður á og í 35. gr. frv. um menntun prestsefna, sjá aths. við þá grein. Þá þykir rétt að kirkjuþing kveði í starfsreglum á um ráðningu djákna, starfsþjálfun og hvers konar þjónustu þeirra.

Um 41. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 28. gr. núgildandi laga en djáknum í föstu starfi er nú bætt í hóp þeirra er eiga setu- og atkvæðisrétt á prestastefnu. Þá er í stað vígslubiskupa talað um biskupana í Skálholti og á Hólum, sbr. aths. við 26. gr. frv. Loks er talað um þjónandi presta í stað starfandi þjóðkirkjupresta og tekur sú orðnotkun þá jafnframt yfir sérþjónustupresta. Í niðurlagi 2. mgr. er öðrum prestum, guðfræðingum og djáknum innan safnaða er starfa á grundvelli evangelísk-lúterskrar kirkju heimilað að sækja prestastefnu með málfrelsi og tillögurétti. Þetta ákvæði myndi m.a. ná til þeirra biskupa er látið hafa af störfum.

Um 42. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 28. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að fellt er brott ákvæði um að á prestastefnu skuli fjalla um málefni prestastéttarinnar. Prestastefna eða synódus er vettvangur biskups Íslands til að ráðgast við þjóna þjóðkirkjunnar um hin kirkjulegu málefni, þ.á.m. um kenningu kirkjunnar og helgisiði. Um málefni prestastéttarinnar skal á hinn bóginn fjallað á fundum Prestafélags Íslands eða öðrum slíkum vettvangi.

Um 43. gr.

Greinin er samhljóða 62. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 82/2007, og var sett til samræmis við samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur til presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar í janúar 1997 og síðar samkomulags sömu aðila um prestssetur og afhendingu þeirra í október 2006.

Um 44. gr.

Greinin er nýmæli. Um þær kirkjur og kirknaeignir í umsjá aðila innan þjóðkirkjunnar sem þinglýstar eignarheimildir ná ekki til þykir rétt að kveða svo á í lögum að þær séu eign þjóðkirkjunnar og viðkomandi sóknar en nánari afmörkun þessara eigna hlítir reglum eignarréttarins. Nýleg úttekt á þinglýsingum sýnir að samræma þurfi með hvaða hætti þinglýsingum þessara eigna er háttað. Til þess þarf atbeina þeirra sem

hlut eiga að máli. Rétt þykir jafnframt að slá þann varnagla í lögum að kirkjur og kirknaeignir verði ekki veðsettar eða af hendi látnar nema biskup Íslands, viðkomandi sókn og kirkjuþing samþykki en í mörgum tilvikum er engum þinglýstum eignarheimildum til að dreifa.

Ákvæði þetta tekur að sjálfsögðu ekki til svonefndra bændakirkna í eigu einstaklinga þótt þeir séu skráðir innan þjóðkirkjunnar

Um 45. gr.

Greinin er samhljóða 1. mgr. 3. gr. núgildandi laga, sbr. lög nr. 82/2007, en rétt þykir að skipa þessu ákvæði í VIII. kafla um eignarrétt, fjármál þjóðkirkjunnar o.fl.

Um 46. gr.

Greinin er nýmæli. Til samræmis við 7. gr. frv. um fjárstjórnarvald kirkjuþings þarf að breyta ákvæðum laga nr. 35/1970 um Kristnisjóð o.fl., laga nr. 138/1993 um kirkjumálasjóð og II. kafla laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. að því er varðar Jöfnunarsjóð sókna. Í þessum lögum er mælt fyrir um að þessir sjóðir séu í umsjá kirkjuráðs og skuli fjárhagsáætlun Kristnisjóðs samþykkt af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu en fjárhagsáætlanir kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna skuli kynntar ráðuneytinu og kirkjuþingi. Rétt þykir að mæla svo um í lögum að þjóðkirkjan fari með stjórn sjóðanna og kirkjuþing kveði á um nánari tilhögun þess í starfsreglum.

Um 47. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 60. gr. núgildandi laga sem var sett til samræmis við samkomulag ríkisins og þjóðkirkjunnar í janúar 1997 um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Um 48. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 61. gr. nógildandi laga. Áréttað skal að ákvæðið mælir einungis fyrir um meginstefnu en kirkjuþing verður síðan að setja nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar í starfsreglur.

Um 49. gr.

Í 2. mgr. 59. gr. nógildandi laga er kirkjuþingi heimilað að setja reglur um tiltekna þætti kirkjustarfsins sem ekki er fjallað um í þeim almennu reglum um starfsmenn þjóðkirkjunnar og stjórnun og starfshætti kirkjunnar er þingið setur á grundvelli laganna. Í athugasemdum með þessari grein var sagt að þessum reglum væri ætlað að hafa bindandi gildi innan þjóðkirkjunnar. Ætlast væri til þess að reglur af þessu tagi yrðu settar um kirkjuleg málefni og gætu þær e.t.v. smám saman tekið að nokkru leyti við hlutverki eiginlegrar löggjafar um starfsemi þjóðkirkjunnar. Þetta ákvæði þykir ekki nægilega skýrt og því er lagt til að kirkjuþing fái almenna heimild til að setja starfsreglur um önnur málefni þjóðkirkjunnar en frumvarpið tekur til enda verði þess gætt að þær séu ekki í andstöðu við lög um trúarleg og kirkjuleg málefni. Sem dæmi má nefna starfsreglur um staðfestingu stofnskráa og endurskoðun reikninga á vegum þjóðkirkjunnar. Slík viðtæk heimild er auk þess í samræmi við þann megingilgang frumvarpsins að einfalda almenna löggjöf frá Alþingi um málefni þjóðkirkjunnar og færa ábyrgð og ákvarðanatöku í þeim efnum í enn ríkara mæli til kirkjuþings en nú er.

Um 50. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 51. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar. Sjá athugasemdir við 29. gr. og 33. gr. frv.

